

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Vopnafjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag fyrir athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl.*

Deiliskipulagssvæðið er um 46 ha að stærð og nær til urðunarsvæðis og skilgreindra athafnalóða. Á urðunarsvæðinu er gert ráð fyrir að urða allt að 1.000 tonn á ári og er framkvæmdin umhverfismatsskyld skv. 12. tl. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Tillagan fellur einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samþykkt í hreppsnefnd 15. október 2015.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Vopnafirði, 16. október 2015.*

**Ólafur Áki Ragnarsson** sveitarstjóri.